

# Aðalfundur Stéttarfélags Verkfræðinga

## 16. mars 2007 kl. 17:00.

### Fundargerð.

**1. Setning aðalfundar.**

Árni Björn Björnsson (ÁBB) setti fundinn.

**2. Kosning fundarstjóra.**

Lára V. Júlíusdóttir var kjörin fundarstjóri.

**3. Tilnefning ritara.**

Magnús H. Gíslason var tilnefndur ritari.

**4. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.**

Jóhanna Harpa Árnadóttir flutti skýrslu stjórnar.

**5. Reikningsskil.**

ÁBB gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Spurt var hvort safna ætti upp sjóðum. ÁBB kvað svo ekki vera, aðeins ætti að safna í varasjóð. Lækka félagsgjald ef uppsöfnunar fer að gæta. Jóhanna taldi að nú væri lag að bæta við manni með sérfræðipekkingu til aðstoðar ÁBB.

Kristján Ólafsson taldi að afskrifa ætti meira af félagsgjöldum og að bæta þyrfti innheimtu.

Að umræðum loknum voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

**6. Skýrslur og tillögur sérstakra nefnda.**

Ekkert lá fyrir undir þessum lið.

**7. Tillögur félagsstjórnar:**

**- Félagsgjald.**

ÁBB lagði fram tillögu um óbreytt félagsgjald. Samþykkt samhljóða.

**- Lagabreytingar.**

Sveinn V. Arnason kynnti eftirfarandi tillögur að breytingum og í máli hans kom fram að tillögur um inngöngur miðuðu eingöngu að því að samræma lög SV við lög Verkfræðingafélags Íslands:

#### **4. gr. Gildandi laga**

Fullgildir félagsmenn, aðalfélagar, geta þeir orðið, sem lokið hafa viðurkenndu verkfræðiprófi.

Þeir sem lokið hafa B.Sc. prófi í verkfræði frá Verkfræðideild Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi frá öðrum skólum geta orðið aukafélagar. Þeir eiga ekki kjörgengi til stjórnar, atkvæðisrétt til stjórnarkjörs eða lagabreytinga, en njóta að öðru leyti sama réttar og bera sömu skyldur og aðalfélagar.

#### **4. gr. Tillaga um breytingu**

*Fullgildir félagar geta orðið:*

*Þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í verkfræði.*

*Þeir sem lokið hafa viðurkenndri háskólaprófgráðu í þeim vísindagreinum sem verkfræðin byggist á og aðrir fræðimenn í raunvísindum.*

*Allir framangreindir félagar skulu uppfylla inntökureglur félagsins á hverjum tíma.*

*Verkfræðinemar sem lokið hafa tveimur námsárum af háskólanámi í verkfræði, eða vísindagrein sem verkfræðin byggist á, geta orðið félagar með takmörkuðum réttindum og skyldum. Nefnast þeir ungfélagar.*

*Ungfélögum er heimil fundarseta með málfrelsi og tillögurétt. Þeir hafa ekki önnur réttindi í félaginu. Þeir eru gjaldfrjálsir þegar þeir eru í námi.*

*Atkvæðisrétt á fundum og rétt til setu í stjórn hafa þeir sem eru fullgildir félagar.*

#### **11. gr. Gildandi laga**

Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum, sbr. og 15.gr.

Til breytinga á lögum félagsins þarf þó 2/3 atkvæða aðalfélaga, sem sækja fundinn.

#### **11. gr. Tillaga um breytingu**

*Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Afl atkvæða ræður úrslitum, sbr. og 15.gr.*

*Til breytinga á lögum félagsins þarf þó 2/3 atkvæða fullgildra félaga, sem sækja fundinn.*

#### **14. gr. Gildandi laga.**

Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum. Ár hvert skal kjósa beinni kosningu varaformann til eins árs. Hann tekur við formennsku næsta ár á eftir, nema að um gild forföll sé að ræða, og skal þá kjósa sérstaklega um formann. Fráfarandi formaður situr síðan í stjórn eitt ár til viðbótar.

Í stjórn sitja að auki fjórir meðstjórnendur, þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir á hverju ári.

Í stjórn sitja auk þess tveir varamenn, sem skulu kosnir til tveggja ára í senn, einn á hverju ári. Stjórnin skiptir með sér verkum. Forfallist formaður á kjörtímabilinu, skal varaformaður taka sæti hans.

Formaður getur boðað varamenn á stjórnarfundum, þegar þess er talin þörf.

#### **14. gr. Tillaga um breytingu.**

*Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum. Ár hvert skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs. Formaður skal vera úr hópi sitjandi stjórnarmanna eða hafa setið í stjórn félagsins áður.*

*Í stjórn sitja að auki sex meðstjórnendur, þeir skulu kosnir til tveggja ára í senn, þrír á hverju ári. Stjórn kys árlega varaformann úr hópi meðstjórnenda sem setið hafa eitt ár eða lengur.*

*Í stjórn sitja auk þess tveir varamenn, sem skulu kosnir til tveggja ára í senn, einn á hverju ári.*

*Stjórnin skiptir með sér verkum. Forfallist formaður á kjörtímabilinu, skal varaformaður taka sæti hans.*

*Formaður getur boðað varamenn á stjórnarfundum, þegar þess er talin þörf.*

#### **16. gr. Gildandi laga**

Sérhver aðalfélagi er skyldur að verða við kosningu til starfa í félaginu, nema gild forföll hamli, en getur neitað endurkjöri jafn langan tíma og hann hefur gegnt störfum.

#### **16. gr. Tillaga um breytingu**

*Sérhver fullgildur félagi er skyldur að verða við kosningu til starfa í félaginu, nema gild forföll hamli, en getur neitað endurkjöri jafn langan tíma og hann hefur gegnt störfum.*

### **17. gr. Gildandi laga.**

Félagsstjórn heldur fund, þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum. Ritari skráir gerðir stjórnarinnar í þar til gerða bók. Gjaldkeri varðveitir sjóð félagsins skv. nánari ákvörðun félagsstjórnar eða félagsfundar, innheimtir félagsgjöld og önnur gjöld, ef til kemur, sér um reikningshald og reikningsskil.

Félagsstjórn ber að halda nákvæma skrá um félagsmenn, er greinir nafn þeirra, stöðu og heimili. Skráin skal vera í tvennu lagi og aðalfélagar taldir á annarri en aukafélagar á hinni.

### **17. gr. Tillaga um breytingu.**

*Félagsstjórn heldur fund, þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum. Ritari skráir gerðir stjórnarinnar í þar til gerða bók. Gjaldkeri varðveitir sjóð félagsins skv. nánari ákvörðun félagsstjórnar eða félagsfundar, innheimtir félagsgjöld og önnur gjöld, ef til kemur, sér um reikningshald og reikningsskil.*

*Félagsstjórn ber að halda nákvæma skrá um félagsmenn, er greinir nafn þeirra, stöðu og heimili. Skráin skal vera í tvennu lagi og fullgildir taldir á annarri en ungfélagar á hinni.*

Skiptar skoðanir voru um breytingar á 4. og 14. grein.

Varðandi 4. greinina vildu sumir fara varlega í að opna félagið of mikið, en aðrir vildu gefa fleirum kost á að ganga í SV.

Varðandi 14. greinina kom fram gagnrýni á það að formaður þyrfti að hafa verið í stjórn áður. Á móti kom að reynsla varðandi formanns þykir mikilvæg fyrir SV. Að umræðum loknum bar Lára breytingartillögurnar undir atkvæði hverja fyrir sig og voru þær allar samþykktar samhljóða. Síðan tillögurnar í heild sinni og voru þær sömuleiðis samþykktar samhljóða.

#### **- Framlag í vinnudeilusjóð.**

ÁBB lagði fram tillögu um kr. 0,-. Samþykkt samhljóða.

### **8. Kjör félagsstjórnar.**

Eftirfarandi tillaga um stjórn SV fyrir árið 2007 lá fyrir:

Sveinn Víkingur Árnason	formaður
Daði Jóhannesson	meðstjórnandi
Anna Karlsdóttir	meðstjórnandi
Gísli Georgsson	meðstjórnandi
Kristín Berg Bergvinsdóttir	varamaður

Samkvæmt tillögu Láru var ný stjórn sjálfkjörin.

- 9. Kjör í stjórn vinnudeilusjóðs.**  
Fellur niður, þar sem kosið er annað hvert ár.
- 10. Kjör skoðunarmanna ársreikninga.**  
Eftirfarandi tillaga fyrir árið 2007 lá fyrir:
- Torfi G. Sigurðsson og Steinar Frímansson og Finnur Torfi Magnússon til vara.  
Skoðunarmennirnir voru sjálfkjörnir.
- 11. Tilkynning um löggiltan endurskoðanda.**  
ÁBB tilkynnti um Kristinn Gestsson sem endurskoðanda ársreikninga SV fyrir árið 2007.
- 12. Nýr formaður tekur til máls.**  
Sveinn V. Árnason ávarpaði fundinn.
- 13. Önnur mál.**  
ÁBB taldi að samningur við FRV væri fordæmisgefandi fyrir almenna markaðinn.  
Vænta mætti tíðinda í haust.  
Hulda Guðmundsdóttir þakkaði fyrir samstarfið á liðnum árum.  
Haukur Eggertsson þakkaði fyrir aðstoð SV við gerð stofnanasamnings hjá Orkustofnun.

Fundi slitið kl. 19:00  
Magnús H. Gíslason fundarritari.